

# Skýrsla forvarna fyrir skólaárið 2009-2010

**1. Samstarf fyrir utan skólann** Forvarnarfulltrúi skólans hefur setið í HOFF-hópnum í þrjú ár sem fulltrúi skóla utan af landi. HOFF stendur fyrir Heilbrigði og forvarnir í framhaldsskólum. Haldnir eru fundir einu sinni í mánuði á fimmtudögum í hádeginu. Þangað koma hinir ýmsu aðilar og kynna þau mál sem þeir eru að vinna að s.s. kannanir, verkefni, rannsóknir og athuganir. Einnig eru hinar ýmsu leiðir kynntar eins og þjónusta landlæknisembættis, SÁÁ o.s.frv. Árangurinn af þessum fundum er ekki alveg nógu sýnilegur, en hann gefur forvarnarfulltrúum sýn og þekkingu á hinum ýmsu leiðum í kerfinu fyrir nemendur okkar hér í FSu. Það hefur aðeins nýst forvarnarfulltrúa FSu.

Nú er að koma að umsóknum til að gerast heilsueflandi skóli og vill forvarnarfulltrúi FSu endilega komast, fyrir hönd skólans, inn í það. Þá er hægt að setja regnhlíf yfir allt það góða og mikla starf sem unnið er innan skólans, er lúta að forvörnum.

**2. Samstarf við sveitarfélögin sem standa að skólanum.** Undirrituð situr í „litla forvarnarhóp“ Árbogar fyrir skólann. Þar er fundað einu sinni í mánuði í hádeginu á fimmtudögum. Þar er unnið að hinum ýmsu málum innan sveitafélagsins og hefur endurútgáfa á forvarnarstefnu sveitafélagsins verið mest áberandi nú. Þetta er þverfaglegur hópur sem tekur á öllum forvarnarmálum innan samfélagsins. Einnig nýtast tengslin milli þessara fagaðila mjög vel. „Stóri forvarnarhópurinn“ hefur svo hist einu sinni á önn, 10. nóv og 6. maí. Þetta eru næstum 30 manns og núna ætlar Guðrún Snorradóttir að kynna okkur verkefnið „Flott án fíknar.“

Einnig hefur undirrituð unnið ásamt Braga Björnssyni og öðrum félags- og tólmstundafulltrúum sveitarfélaganna. Þar er m.a. rætt samstarf við sveitarfélögin í tengslum við nýnemadag og í kjölfarið fyrirhugaðir stjórnumerkjadagar. Sveitarfélögin sóttu um styrk til bolakaupa fyrir stjórnumerkjadagana til lýðheilsustöðvar og kemur í ljós nú um miðjan maí hvort eitthvað fæst. Einnig hefur verið rætt um hvernig sveitarfélögin gætu tengst gæslu á böllum, sent fulltrúa á böll til að svipast um eftir of ungum krökkum og aðstoðað skólann með þá sem þurfa aðstoðar við.

Hveragerðisbær er að fara af stað með svipaða forvarnarstefnu og Árborg og hefur beðið undirritaða um að koma á fund hjá sér núna í maí.

Þorlákshöfn er vonandi að koma líka inn með góða forvarnarstefnu.

**3. Forvarnarteymið** Í því situr undirrituð, Agnes Ósk Snorradóttir starfs- og námsráðgjafi og Guðfinna Gunnarsdóttir félagsmálafulltrúi. Teymið hefur í vetur haft einn tíma saman sem notaður hefur verið til skrafs og ráðagerðar. Undirrituð og Guðfinna auglýstu eftir fólki í haust sem hefði áhuga á því að vera í ballgæslu, okkur til mikillar gleði komust færri að en vildu og fór svo að öll böll voru mönnuð fram á vor – strax. Frábært og undirrituð var sjálf á einu balli fyrir jól og verður líka á ballinu 14. maí.

Böllin hafa gengið slysalaust fyrir sig. Undirrituð útbjó möppu með eyðublöðum til að fylla út, þangað fara upplýsingar um þá nemendur sem koma inn til okkar og eru sóttir af foreldrum eða öðrum aðstandendum. Forvarnarfulltrúi ræðir síðan við þá eftir böll. Það er skemmst frá því að segja að aldrei hafa þessi viðtöl verið færri en þennan vetur.

Í möppunni eru einnig fullt af símanúmerum og nafn varamanns ef eitthvað kemur upp á, sem verður til þess að annar þurfi að fara af svæðinu.

**4. Forvarnir.** Eins og áður fór undirrituð inn í alla lífsleiknitíma, en kynnti að þessu sinni ekki starfið og helstu kynsjúkdóma, heldur fór inn með nýjan fyrirlestur um geðrækt. Þennan fyrirlestur fór undirrituð líka með upp að Laugarvatni fyrir skólann þar. Skilaði hann þó nokkrum inn til forvarnarfulltrúa í heimsókn og spjall

Viðtalstími forvarnarfulltrúa var skráður á þriðjudögum og var undirrituð bara með einn nemanda í föstum viðtölum þetta árið. Nemendur hafa aðeins slæðst inn til forvarnarfulltrúa, en ekki eins og hann hefði viljað

Undirrituð hefur verið í samstarfi við akademíuþjálfarana – en þeir hafa komið á böllin og litið á sitt fólk, rætt við það og verið sýnilegir, frábært framtak hjá þeim og krakkarnir eru ánægðir.

Blóðbíllinn kom til okkar 17. nóvember og lagði undirrituð inn beiðni til þeirra síðast um að þær kæmu á Kátum dögum. Þannig væri meiri líkur á jafnari straumi til þeirra, en ekki biðröð í frímínútum og hádegi.

Undirrituð fór bæði á haustfund forvarnafulltrúa sem haldinn var 2. nóv í MS og svo 15. mars í Borgarnesi.

Það eina sem setið hefur á hakanum hjá forvarnarfulltrúa, og hann bara kemst ekki yfir, er heimasíða forvarna á skólavefnum, Þyrfti að fá aðstoð við að uppfæra hana.

#### **5. Fyrirlestrar utan skólans.**

Undirrituð og Elís Kjartansson frá lögreglunni voru með fyrirlestur niðri í Þorlákshöfn mánudagskvöldið 3. maí. Þangað komu 20 manns og gekk mjög vel. Undirrituð kynnti starf skólans og stefnu í forvörnum.

Forvarnarfulltrúi fór upp að Laugarvatni 9. mars og prufukeyrði fyrirlesturinn um geðrækt fyrir allan skólann.

Með kveðju,

Íris Þórðardóttir forvarnarfulltrúi FSu, framhaldsskólakennari og hjúkrunarfræðingur.